



Fundur bygginganefndar haldinn þann 21. janúar 2009 í Végarði.

Mættir á fundinn eru eftirtaldir:

Pórarinn Rögvaldsson	formaður bygginganefndar
Eiríkur J. Kerúlf	nefndarmaður
Guðveig Eyglóardóttir	nefndarmaður
Úlfar Trausti Þórðarson	byggingafulltrúi

Varðar: Byggingaleyfi Vatnajökulþjóðgarðs

Byggingafulltrúa barst aðaluppdráttur af húsi Vatnajökulþjóðgarðs ásamt meðfylgjandi teikningum vegna byggingaleyfis. Heildar stærð byggingarinnar er 743,6 m² og 2908,1 m³. Landnúmer er 156968 og matshluta nr.16. Staðgreinir: 7505-02 00062000.

Umsækjandi er Vatnajökulþjóðgarður kt. 441007-0940 Skúlagötu 21, 101 Reykjavík. Tengiliður umsækjanda er Þórður H. Ólafsson.

Fulltúi verkkaupa er Framkvæmdasýsla ríkisins kt. 510391-2259, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík. Tengiliður verkkaupa er Guðbjartur Á. Ólafsson. Aðalhönnuður er Birgir Teitsson arkitekt FAÍ kt. 020460-4589 hjá Arkís Aðalstræti 6, 101 Reykjavík. Hönnun útisvæða og bílaplans er Landmótun sf. Hönnun burðavirkis, brunavarna, lagna og loftræsingar er Efla verkfræðistofa og hönnuðir raflagna er Verkís.

Samkvæmt byggingarlýsingu aðaluppdráttar er húsið gestastofa Vatnajökulþjóðgarðs á Skriðuklaustri í Fljótsdal. Byggingin mun hljóta vottun BREEAM sem vistvæn bygging. Aðkoma að byggingunni frá bílaplani er um timburpalla sem tengjast göngustígakerfi staðarins.

Í húsinu er aðstaða starfsmanna þjóðgarðsins ásamt aðstöðu til móttöku gesta og fræðslu til þeirra um þjóðgarðinn. Fræðslan er í formi sýninga og fyrirlestra. Eldhús er í húsinu fyrir matseld við sérstakar uppákomur, dagleg kaffisala er í sjálfsafgreiðslu. Byggingin er að hluta steipt, ómáluð með lerkiklæðningu sem gránar með tímanum, og að hluta eru veggir og þak klætt með brúnum kopar. Áætlaður fjöldi starfsmanna er 5 og mesti fjöldi gesta er um 300 manns á sama tíma. Sorpgeymsla og flokkun sorps verður í óupphituðu útiskýli á steiptum sökklí. Uppbygging hússins er ein hæð og kjallari að hluta. Á 1. hæð er gestastofa og starfsmannarými en í kjallara eru geymslur og tæknirými.

Lágbygging er með steiptu burðarkerfi þ.e. gólfplötur og útveggir, innra og ytra byrði. Útveggir að innan og utan eru sjónsteypa með sjáanlegum borðaförum ásamt timburklæðningu sem eru í sama fleti.

Útveggir úr timbri eru klæddir loftaðri koparklæðningu. Þak er úr þakeiningum (taklet) þétt með þakdúk og klætt loftaðri koparklæningu.

Innveggir eru að hluta hlaðnir úr vikurstein og pússaðir en aðrir eru uppbyggðir með tvöföldum gifsplötum á málmgrind.

Gluggar eru úr álprófilum með slitinni kuldabrá. Gler skal vera K-gler með sólvörn.

Hurðir eru úr álprófilum og aðrar úr lerki.

Einangrun sökklá og undir gólfplötu er 100 mm steinull. Einangrun steyptra veggja er 100 mm óbrennanleg steinull og einangrun timburveggja er 200 mm óbrennanleg steinull.

Þakniðurföll eru um þakbrunna og er vatn leitt niður innanhúss.

Raflagnir eru í rörum í veggjum og gólfum og í netbökkum fyrir ofan kerfisloft.



Upphitun er með gólfhita og í skrifstofum eru ofnar.

Loftræsing er um opnanlega glugga og ristar. Vélrænt útsog er frá lokuðum rýmum.

Geymsluhús er stakstætt norðan við gestastofu – byggt inn í brekkuna en sýnilegt að sunnanverðu. Veggir geymsluhúss eru einangraðir með 100 mm steinull og þak með 100 mm vatnsþolinni einangrun. Upphitun er með ofnum. Snjóbræðsla skal vera í plani framan við geymsluhús. Brunavarnir skv. brunahönnunarskýrslu Eflu, verknr. FR08GV.

Byggingafulltrúi ásamt bygginganefnd yfirfóru teikningarnar og sáu nokkrar athugasemdir sem þarf að yfirfara með hönnuðum áður en hægt er að samþykkja teikningarnar.

Svo að ekki þurfi að halda annan fund með bygginganefnd hefur nefndin gefið byggingafulltrúa góðfúslega sitt leyfi til að samþykkja fyrir sitt leyti aðaluppdrátt og þær teikningar sem honum fylgir að lokinni yfirferð með hönnuðum.

Byggingafulltrúi mun þá senda sveitastjórn, þegar þar að kemur, sína yfirlýsingu.

Athugasemdir nefndarmanna:

1. Brunavarnaruppdrátt frá Eflu nr. FR08GV vantar þar sem að brunavörnum er ábótavant á aðaluppdráttum.
2. Niðurfall af þaki vantar að sýna inn á grunnmynd. Hvergi gert ráð fyrir því á grunnmynd.
3. Snið af sorpgeymslu vantar og einnig hvernig hún er uppbyggð?
4. Athugasemd í útlitsteikningu 1 suðaustur, við sorpgeymslu þar sem hún er yfirbyggð að húsi, auka súla á teikningu.
5. Sýna inntök á afstöðumynd.
6. Gólfniðurfall vantar í geymslu í kjallara. Nauðsynlegt er að hafa niðurfall þar sem um kjallara er að ræða. Mögulega væri betra að hafa það í lægsta punkti þ.e.a.s. í botnplötu lyftuops.
7. Rotþróin mætti gjarnan vera á öðrum stað. Hún gæti valdið óþægindum í ríkjandi suðlægum áttum.
8. Ath. hvort ekki þurfi að vera brunahani við bygginguna.

Fyrir utan nefndina eru athugasemdir byggingafulltrúa eftirfarandi:

9. Skráningartafla – vantar að skrá inn palla utanhúss.
10. Loftræsing – vantar að sýna loftræsituður á þaki og eða ristar á veggjum þar sem við á.
11. Stigagangur – ósamræmi í sniði og á grunnmynd. Á sniði virðist vera stigapallur með tveim neðstu tröppunum ofan við pall með tvöföldu uppstigi. Líklega vantar einungis eina lárétta línu sem sýnir að stiginn er U-laga án stigapalls eins og grunnmynd sýnir.
12. Geymslur í kjallara – misræmi er í byggingalýsingu þar sem stendur að geymslur séu í kjallara en á grunnmynd er aðeins einn geimur sem kallast geymsla.

Bygginganefnd getur þar af leiðandi ekki samþykkt fyrir sitt leyti að svo stöddu án nánari skoðunar á fyrrnefndum athugasemdum.

Fundargerð þessi verður send til eftirtalra aðila:

Funarmanna, sveitastjórnar Fljótsdalshrepps, slökkviliðsstjóra Fljótsdalshéraðs, heilbrigðisfulltrúa Fljótsdalshéraðs ásamt hönnuðum verkkaupa.